

SAMNINGUR MILLI RÍKISSTJÓRNAR LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG
RÍKISSTJÓRNAR FRANSKA LÝÐVELDISINS TIL AÐ KOMAST HJÁ
TVÍSKÖTTUN OG KOMA Í VEG FYRIR UNDANSKOT FRÁ
SKATTLAGNINGU Á TEKJUR.

Ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Franska lýðveldisins, sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum ríkjunum.

2. gr.

Skattar sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum sem á eru lagðir af hálfu ríkis eða sveitarstjórna þess, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru álagðir. 2. Til skatta af tekjum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur, eða á þætti tekna, þar með taldir skattar af ágóða af sölu lausafjár eða fasteigna, svo og skattar af verðmætisaukningu. 3. Gildandi skattar sem samningurinn tekur til eru: a) í Frakklandi:

- i. tekjuskatturinn;
- ii. félagaskatturinn;

þar með teljast sérhver staðgreiðsluskattur, bráðabirgðagreiðsla (précompte) og fyrirframgreiðsla að því er varðar greinda skatta; (hér eftir nefndir "franskur skattur");

b) á Íslandi:

- i. tekjuskattur til ríkisins;
- ii. tekjuútsvar til sveitarfélaga;
- iii. sóknargjald;
- iv. kirkjugarðsgjald, sem álag á tekjuútsvar til sveitarfélaga;

þar með teljast sérhver staðgreiðsluskattur, bráðabirgðagreiðsla og fyrirframgreiðsla að því er varðar greinda skatta; (hér eftir nefndir "íslenskur skattur").

4. Samningurinn skal einnig taka til allra skatta sömu eða svipaðra tegundar og þeirra sem um getur í 3. tl. þessarar greinar, sem lagðir verða á eftir undirskrift hans til viðbótar eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í ríkjunum skulu gefa hvort öðru upplýsingar um meiri háttar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalöggjöf ríkjanna.

3. gr.

Almennar skilgreiningar.

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

- a) "Frakkland" merkir Evrópuhéruð og handansjávarhéruð Franska lýðveldisins þar með talin landhelgi þess og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem, í samræmi við þjóðarrétt, Franska lýðveldið hefur fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðlinda hafsbotnsins og botnlaga hans svo og hafsins yfir honum;
- b) "Ísland" merkir landssvæði Lýðveldisins Íslands og sérhvert það svæði sem liggur að landhelgi Íslands þar sem, samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við þjóðarrétt, Ísland hefur fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðlinda hafsbotnsins og botnlaga hans;
- c) "ríki" og "hitt ríkið" merkja Frakkland eða Ísland eftir því sem við á;
- d) "aðili" merkir mann, félag eða sérhver önnur samtök aðila;
- e) "félag" merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra stofnun sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;
- f) "fyrirtæki í ríki" og "fyrirtæki í hinu ríkinu" merkir fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í ríki, og fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í hinu ríkinu;
- g) "flutningar á alþjóðaleiðum" merkir flutningar með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki sem hefur raunverulega framkvæmdastjórn í því ríki, nema því aðeins að skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu ríkinu; h) "bært stjórnvald" merkir:

- i. að því er Frakkland varðar, ráðherra sem fer með fjárlög eða umboðsmann hans;

- ii. að því er Ísland varðar, fjármálaráðherra eða umboðsmann hans.

2. Við framkvæmd ríkis á ákvæðum samnings þessa skulu, nema annað leiði af efninu, öll hugtök, sem ekki eru skilgreind í samningnum, hafa sömu merkingu og í lögum viðkomandi ríkis að því er varðar skatta þá sem samningurinn tekur til.

4. gr.

Heimilisfesti aðila.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið "aðili heimilisfastur í ríki" sérhvern þann aðila sem að lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna heimilisfesti, búsetu, stjórnaraðseturs eða af öðrum svipuðum ástæðum. Hugtakið felur þó ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn í því ríki.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum ríkjunum samkvæmt 1. tl. skal úrskurða málið eftir neðangreindum reglum:

- a) maður telst heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili. Eigi hann fast heimili í báðum ríkjunum telst hann heimilisfastur í því ríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á í hvorugu ríkinu fast heimili, telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;

c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra, telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;

d) ef maður á ríkisfang í báðum eða hvorugu ríkjanna skulu bær stjórnvöld í ríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi. 3. Þegar aðili, annar en maður, telst eiga heimilisfesti í báðum ríkjunum samkvæmt 1. tl., telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

5. gr.

Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið "föst atvinnustöð" fasta atvinnustofnun þar sem starfsemi fyrirtækisins fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið "föst atvinnustöð" merkir einkum:

a) aðsetur framkvæmdastjórnar;

b) útibú;

c) skrifstofu;

d) verksmiðju;

e) verkstæði;

f) námu, olíu- eða gaslind, grjótnámu eða annan stað þar sem náttúruauðæfi eru nýtt.

3. Byggingarframkvæmd eða samsetningarvinna telst því aðeins föst atvinnustöð að framkvæmdir standi yfir lengur en tólf mánuði.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið "föst atvinnustöð" ekki til:

a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;

b) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;

c) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;

d) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð í sambandi við vörukaup eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;

e) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;

f) fastrar atvinnustofnunar sem nýtt er eingöngu til að samhæfa starfsemi sem fellur undir staflið a)-e), enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu atvinnustofnun vegna þessarar samhæfingar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

5. Ef aðili sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. tl. hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í ríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið,

og beitir þessari heimild að jafnaði, er fyrirtæki þetta – þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. t. – talið hafa fasta atvinnustöð í því ríki vegna hvers konar starfsemi sem aðilinn gegnir fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. t. og sem myndi ekki, þótt innt af hendi á fastri atvinnustofnun, gera þessa föstu atvinnustofnun að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þess töluliðar.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í ríki þótt það reki þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar síns

7. Þótt félag sem er heimilisfast í ríki stjórnri eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu ríkinu eða rekur viðskipti í síðarnefnda ríkinu (annaðhvort fyrir milligöngu fastrar atvinnustöðvar eða á annan hátt), leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í ríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði og nýtingu skógar) sem staðsett er í hinu ríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið "fasteign" skal skýra í samræmi við lög þess ríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttarins, afnotarétt af fasteign og rétt til fastrar eða breytilegrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu eða rétt til að hagnýta námur, lindir og aðrar náttúruauðlindir. Skip og loftför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. t. gildir um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. t. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnýtt er við sjálfstæða starfsemi.

5. Þegar hlutabréfaeign eða önnur hlutareign í félagi eða sérhverjum öðrum lögaðila veitir eigandanum rétt til hagnýtingar fasteignar sem staðsett er í ríki og er í eigu þessa félags eða annars lögaðila, má skattleggja í því ríki tekjur sem eigandinn hlýtur af beinum notum, leigu eða sérhverri annarri notkun á rétti sínum til hagnýtingar fasteignarinnar.

7. gr.

Tekjur af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í ríki er skattskyldur einungis í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu ríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með löndum má leggja skatt á hagnað fyrirtækisins í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis að því marki sem hagnaðurinn stafar frá nefndri fastri atvinnustöð.

2. Þegar fyrirtæki í ríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu ríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal hvort ríkið um sig – nema annað leiði af ákvæðum 3. t.l. – telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað, sem ætla má að fallið hefði í hennar hlut ef hún hefði verið sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við fyrirtæki það sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem leiða af því að hún er föst atvinnustöð, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og venjulegan stjórnunarkostnað, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í ríki að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. t.l. útiloka það ríki frá því að ákveða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem áður vera slík að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna vörukaupa hennar fyrir fyrirtækið. 6. Við beitingu ákvæða framangreindra töluliða skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema fullnægjandi ástæða sé til annars. 7. Þegar hagnaðurinn felur í sér tekjur sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum sammings þessa, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur Hagnaður þessi felur einnig í sér tilfallandi tekjur sem fyrirtækinu hlotnast af notkun gáma til flutnings á vörum í flutningum á alþjóðaleiðum. 2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi, skal hún teljast hafa aðsetur í því ríki þar sem heimahöfn skipsins, er eða ef ekki er um slíka heimahöfn að ræða þá í því ríki þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur. 3. Ákvæði 1. t.l. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstarsamvinnu ("pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstarsamtökum.

9. gr.

Tengd fyrirtæki.

Þegar

a) fyrirtæki í ríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í hinu ríkinu, eða

b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í ríki og fyrirtækis í hinu ríkinu, og í öðru hvoru tilvikinu hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru hvort öðru óháð, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en

rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast sem hagnaður þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

10. gr. *Ágóðahlutir.*

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í ríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu ríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. 2. Slíka ágóðahluti má þó einnig skattleggja í því ríki þar sem félagið sem ágóðahlutina greiðir er heimilisfast og eftir löggjöf þess ríkis. Sé móttakandinn hins vegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna má skatturinn sem þannig er álagður eigi vera hærri en: a) raunverulegi rétthafinn er félag, þó undanskilið sameignarfélag, sem á beint að minnsta kosti 10 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem greiðir ágóðahlutina:

- i. 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna, eða
- ii. 15 af hundraði af vergri fjárhæð þeirra ágóðahluta sem úthlutað er af íslensku félagi, að því marki sem ágóðahlutirnir eru frádráttarbærir frá skattskyldugrunni á Íslandi;
- iii. 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum tilvikum.

Ákvæði þessa töluliðar hafa engin áhrif á skattlagningu félagsins, að því er varðar þann hagnað sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.

3.

a) Aðili heimilisfastur á Íslandi sem móttækur frá félagi heimilisföstu í Frakklandi ágóðahluti sem myndu veita rétt til skattendurgreiðslu ("avoir fiscal") ef þeir væru móttæknir af aðila heimilisföstum í Frakklandi, skal eiga rétt á greiðslu frá ríkissjóði Frakklands sem er jafnhá skattendurgreiðslunni ("avoir fiscal") enda sé um að ræða frádrátt skatts eins og gert er ráð fyrir í staflið

b) 2. tl. b) Ákvæði stafliðar a) skulu einungis gilda að því er varðar aðila heimilisfastan á Íslandi sem er

- i. maður; eða
- ii. félag, sem á beint minna en 10 af hundraði eignarhlutdeild í franska félaginu sem greiðir ágóðahlutina; eða
- iii. fjárfestingarfélag eða sjóður með heimilisfesti á Íslandi sem ákvæði (ii)-tl. þessa stafliðar taka ekki til sem upfylla þau skilyrði sem sett verða með gagnkvæmu samkomulagi af bærum stjórnvöldum.

c) Ákvæði stafliðar a) skulu ekki gilda um greiðslu frá ríkissjóði Frakklands sem ráð er fyrir gert í þeim staflið, ef móttakandi greiðslunnar er ekki skattskyldur af greiðslunni á Íslandi.

d) Greiðslur frá ríkissjóði Frakklands sem ráð er fyrir gert samkvæmt staflið a) skulu taldar ágóðahlutir við beitingu ákvæða þessa samnings.

4. Aðili heimilisfastur á Íslandi, sem móttækur ágóðahluti greidda af félagi sem er heimilisfast í Frakklandi og ekki á rétt til þeirrar greiðslu frá ríkissjóði Frakklands sem um ræðir í 3. tl., getur fengið endurgreiðslu á þeirri bráðabirgðagreiðslu

(précompte) sem innt var af hendi í félaginu í tengslum við þessa ágóðahluti. Heildarfjárhæð endurgreiddrar bráðabirgðagreiðslu (précompte) skal teljast ágóðahluti við beitingu ákvæða þessa samnings. Fjárhæðin er skattskyld í Frakklandi samkvæmt ákvæðum 2. tl. þessarar greinar.

5. Hugtakið "ágóðahlutir" merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, ágóðahlutaskírteinum og ágóðahlutaréttindum, námuhlutabréfum, stofnbrefum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur sem farið er með sem úthlutun ágóðahluta samkvæmt skattalöggjöf þess ríkis þar sem félagið sem úthlutunina framkvæmir er heimilisfast.

6. Ákvæði 1., 2. og 3. tl. gilda ekki þegar raunverulegur réttihafi ágóðahlutanna er heimilisfastur í ríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu ríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr gilda.

7. Ef félag sem er heimilisfast í ríki fær hagnað eða tekjur frá hinu ríkinu má síðarnefnda ríkið ekki skattleggja ágóðahlutina sem félagið greiðir, nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilisföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem af eru greiddir ágóðahlutirnir er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í síðarnefnda ríkinu. Síðarnefnda ríkið má ekki skattleggja óúthlutaðan hagnað félagsins, jafnvel þótt óúthlutaði hagnaðurinn hafi myndast að öllu eða nokkru leyti í síðarnefnda ríkinu.

8. Þegar félag heimilisfast í ríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu ríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal – þrátt fyrir ákvæði 7. tl. – hagnaður þessarar föstu atvinnustöðvar, í viðbót við félagaskattinn, sæta skattlagningu í samræmi við löggjöf síðarnefnda ríkisins sem þó má ekki hærri vera en 5 hundraðshlutar af hagnaðinum.

11. gr.

Vextir.

1. Vextir sem myndast í ríki skulu, ef raunverulegur réttihafi þeirra er aðili heimilisfastur í hinu ríkinu, einungis skattlagðir í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið "vextir" merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum án tillits til þess hvort þær eru tryggðar með veði í fasteign eða hvort þær fela í sér rétt til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisskuldabréfum og tekna af öðrum skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og ágóði tengdur slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum. Dráttarvextir vegna vanskila teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

3. Ákvæði 1. tl. gilda ekki þegar raunverulegur réttihafi vaxtanna er heimilisfastur í ríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu ríkinu þar sem vextirnir mynduðust, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

4. Vextir teljast hafa myndast í ríki þegar greiðandinn er ríkið sjálft, sveitarstjórn, opinber stofnun eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar hins vegar aðilinn, sem vextina greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í ríki eða ekki, rekur í ríki fasta atvinnustöð eða fasta stofnun og stofnað er til skuldbindingarinnar, sem vextina ber, í sambandi við föstu atvinnustöðina eða föstu stofnunina og vextirnir eru færðir henni til gjalda, þá skulu vextirnir taldir hafa myndast í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

5. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattskyld í samræmi við löggjöf hvors ríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr. *Þóknanir.*

1. Þóknanir sem myndast í ríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu ríkinu, skulu, ef þessi aðili er raunverulegur rétthafi þóknananna, einungis skattlagðar í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið "þóknanir" í þessari grein merkir hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á bókmennta-, lista eða vísindasviðinu, þar með taldar kvikmyndir og mynd- eða hljóðsegulbönd fyrir sjónvarps- eða hljóðvarpssendingar, hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkön, áætlanir, leynilega formúlu eða framleiðsluáðferð, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

3. Ákvæði 1. tl. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi þóknananna er heimilisfastur í ríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu ríkinu þar sem þóknanirnar mynduðust, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

4. Þóknanir teljast hafa myndast í ríki þegar greiðandinn er ríkið sjálft, sveitarstjórn, opinber stofnun eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar hins vegar aðilinn, sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í ríki eða ekki, rekur í ríki fasta atvinnustöð eða fasta stofnun, sem réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við og þóknanirnar eru færðar henni til gjalda, þá skulu þóknanirnar taldar hafa myndast í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

5. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, fjárhæð þóknananna er hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem hún er greiðsla fyrir, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattskyld í samræmi við löggjöf hvors ríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum.

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í ríki hlýtur af sölu fasteignar sem nánar er skilgreind í 6. gr., má skattleggja í því ríki þar sem eignin er staðsett. Hagnað sem hlýst af sölu hlutabréfa eða annarra hlutareigna í félagi eða sérhverjum öðrum lögaðila, sem er eigandi fasteignar sem staðsett er í ríki, má skattleggja í því ríki þegar slíkur hagnaður er háður sömu ákvæðum um skattlagningu eins og hagnaður sem hlýst af sölu fasteignar samkvæmt löggjöf þess ríkis.
2. Hagnað sem hlýst af sölu hlutabréfa eða annarra hlutareigna í félagi, annarra en þeirra sem um ræðir í 2. mgr. 1. tl., sem mynda hlut af verulegri eignarhlutdeild í fjármagni félags sem heimilisfastur er í ríki, má skattleggja í því ríki. Veruleg eignarhlutdeild skal talin vera fyrir hendi þegar seljandinn, einn sér eða ásamt sér tengdum aðilum, á beint eða óbeint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu.
3. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareigna fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í ríki hefur í hinu ríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stofnun sem aðili heimilisfastur í ríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í hinu ríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér að ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stofnun.
4. Hagnað, sem hlýst af sölu skips eða loftfars sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíks skips eða loftfars, skal einungis skattleggja í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.
5. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í fyrri töluliðum þessarar greinar, skal einungis skattleggja í því ríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.

Sjálfstæð starfsemi.

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í ríki hefur af sjálfstæðri starfsemi eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis vera skattskyldar í því ríki, nema hann hafi að jafnaði í hinu ríkinu fasta stofnun til þess að leysa af hendi þessi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stofnun má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis þann hluta þeirra sem rekja má til þessarar föstu stofnunar.
2. Hugtakið "sjálfstæð starfsemi" merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, kennslu- og uppeldismála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

Launað starf

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í ríki fær fyrir starf

sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé innt af hendi í hinu ríkinu. Ef starfið er innt af hendi þar má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í ríki fær fyrir starf sem hann innir af hendi í hinu ríkinu, einungis vera skattskyld í fyrnefnda ríkinu ef:

a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili, og

b) endurgjaldið er innt af hendi af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og

c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun sem vinnuveitandinn rekur í hinu ríkinu.

3. Tekjur sem kennari eða rannsóknarmaður, sem er eða síðast var fyrir komu sína til ríkis heimilisfastur í hinu ríkinu og sem dvelur í fyrnefnda ríkinu einungis í þeim tilgangi að annast kennslu eða fást við rannsóknir, aflar í tengslum við slík verkefni skulu – með þeim undantekningum sem um ræðir í 19. gr. og þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. – einungis skattskyldar í síðarnefnda ríkinu. Þetta ákvæði skal gilda fyrir tímabil sem ekki fer yfir 24 mánuði frá þeim degi að kennarinn eða rannsóknarmaðurinn kom fyrst til síðarnefnda ríkisins í þeim tilgangi að kenna eða fást við rannsóknir.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um borð í skipi í flutningum á alþjóðaleiðum í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

5. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar skal endurgjald fyrir starf unnið um borð í loftfari, sem rekið er í flutningum á alþjóðaleiðum af fyrirtæki í ríki, einungis skattskyld í því ríki þar sem viðtakandi endurgjaldsins er heimilisfastur.

16. gr.

Stjórnarlaun.

Stjórnarlaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í ríki fær fyrir setu í stjórn eða stjórnarígildi í félagi sem heimilisfastur er í hinu ríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Listamenn og íþróttamenn.

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja aðila heimilisfastan í ríki af tekjum sem hann aflar í hinu ríkinu af persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikhús- eða kvikmyndaleikari, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu. Þegar listamaður eða íþróttamaður, sem er heimilisfastur í ríki aflar tekna í hinu ríkinu af starfsemi sem tengd er orðstír hans sem atvinnumanns, má skattleggja þessar tekjur í síðara ríkinu.

2. Þegar tekjur sem um er rætt í 1. tl. renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila, má – þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr. – skattleggja tekjurnar í því ríki þar sem þær mynduðust.

3. Tekjur, sem aflað er af listamanni eða íþróttamanni heimilisföstum í ríki af persónulegum störfum sem slíkum í hinu ríkinu skulu – þrátt fyrir ákvæði 1. tl. – einungis skattskyldar í fyrrnefnda ríkinu ef þessi störf í síðarnefnda ríkinu eru styrkt að verulegu leyti af opinberum sjóðum fyrrnefnda ríkisins eða sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess.

4. Þegar tekjur listamanns eða íþróttamanns, heimilisföstum í ríki, af starfi sem framkvæmt er af honum sem slíkum í hinu ríkinu renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila, skulu – þrátt fyrir ákvæði 2. tl. þessarar greinar og ákvæða 7., 14. og 15. gr. – þessar tekjur einungis skattskyldar í fyrrnefnda ríkinu, ef þessi annar aðili er styrktur að verulegu leyti af opinberum sjóðum þess ríkis eða sveitastjórn eða opinberri stofnun þess ríkis.

18. gr.

Eftirlaun.

Eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, inntar af hendi til heimilisfasts aðila í ríki vegna fyrra starfs hans, skal einungis skattleggja í því ríki, þó með þeirri undantekningu sem um ræðir í 2. tl. 19. gr.

19. gr.

Endurgjald og eftirlaun frá opinberum aðilum.

1.

a) Endurgjald, að undanteknum eftirlaunum, sem greitt er af ríki, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þessa ríkis, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b) Slíkt endurgjald skal þó einungis skattleggja í hinu ríkinu ef starfið er innt af hendi þar og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:

- i. er ríkisborgari þess ríkis; eða
- ii. tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að inna þetta starf af hendi.

2.

a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af ríki, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þessa ríkis, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b) Slík eftirlaun skal þó einungis skattleggja í hinu ríkinu ef maðurinn er þar heimilisfastur og er jafnframt ríkisborgari þess ríkis. 3. Ákvæði 15., 16 og 18. gr. skulu gilda um endurgjald og eftirlaun greidd fyrir störf innt af hendi í sambandi við starfsemi sem rekin er af ríki, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess.

20. gr.

Námsmenn og starfsnemar.

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til ríkis heimilisfastur í hinu ríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal ekki vera skattlagður í því ríki af greiðslum sem hann fær til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun, enda séu slíkar greiðslur til hans runnar frá aðilum utan þess ríkis.

21. gr.

Aðrar tekjur.

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í ríki aflar og ekki er fjallað um hér að framan skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.
2. Ákvæði 1. tl. gilda ekki um tekjur, aðrar en tekjur af fasteign, sem nánar er skilgreind í 6. gr., þegar móttakandi teknanna er heimilisfastur í ríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu ríkinu, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

22. gr.

Tillög til eftirlaunasjóða.

Tillög greidd af eða fyrir mann, sem er heimilisfastur í ríki eða dvelur um stundarsakir í ríkinu, til eftirlaunasjóðs sem er viðurkenndur af bærum stjórnvöldum í hinu ríkinu þar sem maðurinn hafði áður verið heimilisfastur, skal með farið í fyrrnefnda ríkinu á sama hátt og tillög greidd eftirlaunasjóðum sem viðurkenndir eru af bærum stjórnvöldum í því ríki, ef þessi bæru stjórnvöld samþykkja viðurkenninguna sem veitt var eftirlaunasjóðunum í hinu ríkinu.

23. gr.

Aðferð til að komast hjá tvísköttun.

Komast skal hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt: Þegar aðili heimilisfastur í ríki aflar rauntekna sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa eru skattskyldar í hinu ríkinu má fyrrnefnda ríkið einnig skattleggja þessar tekjur. Álagður skattur í síðarnefnda ríkinu skal ekki vera frádráttarbær við ákvörðun skattskyldra tekna í fyrrnefnda ríkinu. Aðili heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu skal þó eiga rétt á frádrætti frá þeim skatti sem myndaðist af því að slíkar tekjur voru innifaldar í grundvelli skattsins í því ríki. Þessi frádráttur frá skatti í fyrrnefnda ríkinu skal vera jafnhár: - Þegar um er að ræða tekjur samkvæmt 10., 16. og 17. gr., þeirri fjárhæð skatts sem á var lagður í síðarnefnda ríkinu samkvæmt ákvæðum þessara greina. Frádráttur þessi skal þó ekki hærri vera en fjárhæð skattsins í fyrrnefnda ríkinu sem svarar til þessara tekna; - Þegar um er að ræða aðrar tekjur, þeirri fjárhæð skatts í fyrrnefnda ríkinu sem svarar til þessara tekna. Þetta ákvæði nær einnig til endurgjalds og eftirlauna sem um ræðir í 19. gr.

24. gr.

Jafnrétti.

1. Ríkisborgarar ríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu ríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki eru heimilisfastir í öðru hvoru eða báðum ríkjunum.
2. Hugtakið "ríkisborgarar" merkir:
 - a) alla menn sem hafa ríkisfang í ríki;
 - b) allar persónur að lögum, sameignarfélög og samtök sem byggja réttarstöðu sína á gildandi lögum í ríki.
3. Ríkisfangslausir aðilar sem eru heimilisfastir í ríki skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu ríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður.
4. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í ríki hefur í hinu ríkinu skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum.
5. Eigi ákvæði 9. gr., 5. tl. 11. gr. eða 5. tl. 12. gr. ekki við skulu vextir, þóknun og aðrar greiðslur frá fyrirtæki í ríki til aðila heimilisfasts í hinu ríkinu vera frádráttarþærar við ákvörðun skattskyldra tekna slíks fyrirtækis eftir sömu reglum og greiðslur til aðila heimilisfasts í fyrirnefnda ríkinu.
6. Þótt fjármagn fyrirtækja í ríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða stjórn að einum eða fleirum aðilum, sem eru heimilisfastir í hinu ríkinu, skulu þau ekki vera háð annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum skyldum í því sambandi í fyrirnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar í því ríki eru eða gætu orðið háð.
7. Engin ákvæði þessarar greinar skal túlka á þann veg að þau geti hindrað ríki í því að beita frábrugðnum skattalegum reglum gagnvart aðilum heimilisföstum í ríkinu annars vegar og aðilum sem ekki eru heimilisfastir í ríkinu hins vegar og í því að veita eingöngu heimilisföstum aðila eða aðila sem ekki er heimilisfastur undanþágur, afslætti, lækkanir eða ívilnanir í skatti.
8. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

25. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags.

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum ríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt réttarvernd sem löggjöf þessara ríkja kveður á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því ríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans innan ákvæða 1. tl. 24. gr., í því ríki þar sem hann er ríkisborgari. Málið verður að vera lagt fyrir innan þriggja ára frá móttöku fyrstu tilkynningar um þá aðgerð sem leiddi til skattlagningar sem ekki telst í samræmi við ákvæði samnings þessa.
2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu ríkinu í því skyni að komist verði hjá

skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa. Sérhvert samkomulag sem gert verður skal framkvæma þrátt fyrir ákvæði um tímafresti í innlendri löggjöf beggja ríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í ríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi skýringu eða beitingu ákvæða samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í ríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að gera samkomulag í samræmi við það sem um er rætt í þessari grein. Þegar æskilegt virðist að fram fari munnlegar umræður til þess að samkomulag náist geta slíkar umræður farið fram í nefnd sem skipuð er fulltrúum bærra stjórnvalda beggja ríkjanna.

5. Bær stjórnvöld ríkjanna skulu með gagnkvæmu samkomulagi ákvarða nánari reglur um beitingu samnings þessa og, sérstaklega, um þau skilyrði sem aðilar heimilisfastir í ríki þurfa að uppfylla til að njóta í hinu ríkinu þeirra ívilnana eða undanþága sem um ræðir í samningi þessum.

26. gr.

Skipti á upplýsingum.

1. Bær stjórnvöld í ríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar ákvæða samnings þessa eða innlendar löggjafar ríkjanna varðandi þá skatta sem samningurinn tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við samninginn. Upplýsingaskiptin eru ekki takmörkuð af 1. gr. Allar upplýsingar móttæknar af ríki skal fara með sem trúnaðarmál á sama hátt og upplýsingar sem aflað er samkvæmt innlendri löggjöf þess ríkis og skal eingöngu gera kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og framkvæmdaraðilum) sem hafa með höndum ákvörðun eða innheimtu á þeim sköttum eða fullnustu- eða ákærvald varðandi þá skatta, sem samningurinn tekur til. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu nota upplýsingarnar eingöngu í greindum tilgangi. Þeir mega þó gera þessar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. tl. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi á ríki skyldu til:

a) að framkvæma stjórnarráðstafanir sem víkja frá löggjöf eða stjórnvenju þess sjálfs eða hins ríkisins,

b) að láta í té upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt löggjöf eða eðlilegri stjórnvenju þess sjálfs eða hins ríkisins,

c) að láta í té upplýsingar, sem mundu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluáðferðum á sviði atvinnumála, viðskipta, iðnaðar, verslunar eða annarrar starfsemi, svo og upplýsingar sem gagnstætt er almenningshagsmunum (ordre public) að gefa.

27. gr.

Sendirindrekar og ræðiserindrekar.

1. Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn og heimilisfólk þeirra, starfsmenn ræðisstofnana eða starfsmenn fastanefnda

alþjóðastofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

2. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal maður, sem er sendiráðsmaður, starfsmaður ræðisstofnunar eða fastanefndar ríkis sem staðsett er í hinu ríkinu eða í þriðja ríki, talinn vera heimilisfastur í sendiríkinu við beitingu ákvæða samnings þessa, ef:

- a) hann, í samræmi við þjóðarétt, er ekki skattskyldur í móttökuríkinu af tekjum sem eiga uppruna sinn utan þess ríkis, og
- b) hann er í sendiríkinu háður sömu skyldum að því er varðar skatta á heildartekjur sínar eins og aðilar heimilisfastir í því ríki.

3. Samningur þessi skal ekki taka til alþjóðastofnana, deilda þeirra eða starfslíðs, né heldur til aðila sem eru sendiráðsmenn, starfsmenn ræðisstofnunar eða starfsmenn fastanefnda þriðja ríkis, sem staðsettir eru í ríki, en eru í hvorugu ríkjanna taldir heimilisfastir þar að því er varðar skatta á tekjur.

28. gr.

Landfræðileg rýmkun.

1. Rýmka má gildissvið samnings þessa, annaðhvort í heild eða með nauðsynlegum breytingum, þannig að hann nái til handansjávaryfirráðasvæða og annarra handansjávarsveitarstjórna Franska Lýðveldisins sem leggja á skatta sem eru að verulegu leyti svipaðrar tegundar og þeir skattar sem samningurinn tekur til. Allar slíkar rýmkanir skulu taka gildi frá þeim degi sem ákvarðaður og samþykktur verður af ríkjunum með erindaskiptum eftir diplómátskum leiðum eða á sérhvern annan hátt sem er í samræmi við ákvæði stjórnarskrár þeirra. Þetta samkomulag skal einnig fastsetja nauðsynlegar breytingar á samningnum og skilyrði um beitingu hans gagnvart þeim handansjávaryfirráðasvæðum og handansjávarsveitarstjórnunum sem rýmkunin nær til.

2. Nema ríkin semji um annað skal uppsögn samningsins af hálfu annars hvors ríkjanna samkvæmt 30. gr. einnig fella úr gildi á sama hátt og fyrir er mælt í þeirri grein beitingu samningsins gagnvart sérhverju yfirráðasvæði og sveitarstjórn sem rýmkunin hafði náð til samkvæmt grein þessari.

29. gr.

Gildistaka

1. Hvort ríkjanna um sig skal tilkynna hinu ríkinu að nauðsynlegri málsmeðferð að því er varðar gildistöku samningsins hafi verið lokið. Samningurinn skal taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar sem fylgir næst á eftir þeim degi þegar síðari tilkynningin hefur verið móttækin.

2. Ákvæðum hans skal fyrst beitt:

- a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er frá og með fyrsta degi þess mánaðar sem fylgir næst á eftir þeim degi sem samningurinn tók gildi;

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, á tekjur sem aflað er á því almanaksári eða reikningsári sem hefst frá og með fyrsta degi þess almanaksárs sem fylgir næst á eftir því ári sem samningurinn tók gildi.

3. Ákvæðum samnings milli ríkisstjórnar Franska Lýðveldisins og ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands frá 8. maí 1981 til að komast hjá tvísköttun á sviði loftflutninga skal ekki beita varðandi þá skatta sem samningurinn þessi tekur til samkvæmt ákvæðum 2. tl. og skal fyrirnefndur samningur falla úr gildi á síðasta degi sem unnt er að beita ákvæðum hans.

30. gr.

Uppsögn.

1. Samningur þessi skal gilda um ótiltekinn tíma. Hvort ríkjanna um sig getur þó, eftir að liðin eru fimm ár frá þeim degi sem samningurinn öðlast gildi, sagt samningnum upp eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn samningsins eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs.

2. Í slíku tilviki skal hætt að beita ákvæðum hans:

a) því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er frá og með fyrsta degi þess almanaksárs sem fylgir næst á eftir því ári;

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, á tekjur sem aflað er á því almanaksári eða reikningsári sem hefst frá og með fyrsta degi þess almanaksárs sem fylgir næst á eftir því ári. Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Reykjavík 29. ágúst 1990 á íslensku og frönsku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar

Lýðveldisins Íslands:

Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar

Franska Lýðveldisins

Edwige Avice

Bókun

Við undirritun samnings þessa sem gerður hefur verið milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Franska Lýðveldisins til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, hafa undirritaðir komið sér saman um eftirfarandi ákvæði sem eru óskiptur hluti af samningnum:

1.

a) Með vísan til 1. og 2. tl. 7. gr. skal hagnaður, sem fyrirtæki í ríki aflar af vörusölu eða atvinnurekstri í hinu ríkinu frá fastri atvinnustöð þar, ekki ákvarðaður á grundvelli móttækinnar heildarfjárhæðar af hálfu fyrirtækisins, heldur eingöngu á grundvelli þeirra tekna sem eru tengdar raunverulegri starfsemi föstu atvinnustöðvarinnar við slíka vörusölu eða atvinnurekstur. Þegar um er að ræða samninga, sérstaklega að því

er tekur til rannsóknar, útvegunar, samsetningar eða byggingar iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaðar eða bygginga eða opinberra framkvæmda, skal hagnaður fastrar atvinnustöðvar fyrirtækis ekki ákvarðaður á grundvelli heildarfjárhæðar samningsins heldur eingöngu á grundvelli þess hluta samningsins sem er raunverulega framkvæmdur af föstu atvinnustöðinni í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er. Hagnaður tengdur þeim hluta samningsins sem framkvæmdur er í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur skal einungis skattlagður í því ríki.

b) Með vísan til 1. tl. 7. gr. skulu hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til að hagnýta iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnað teljast tekjur fyrirtækisins sem um skulu gilda ákvæði 7. gr.

2. Með vísan til 2. tl. 12. gr. skulu greiðslur, sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir tæknilega þjónustu, þ.m.t. athugun eða rannsókn vísindalegs, jarðfræðilegs eða tæknilegs eðlis eða fyrir samninga um verkfræðistörf þ.m.t. framkvæmdarátlanir sem tengjast þeim eða fyrir ráðgjafa- eða eftirlitsþjónustu, ekki teljast vera greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

3. Með vísan til 24. gr.:

a) ekkert í 1. tl. skal koma í veg fyrir að Frakkland geti takmarkað við aðila með franskan ríkisborgararétt skattfrelsi af söluhagnaði af sölu fasteignar eða hluta fasteignar, sem myndaði búsetu í Frakklandi hjá frönskum aðilum sem ekki eru heimilisfastur í Frakklandi, skv. c-lið 150. gr. skattalaganna ("Code général des impôts");

b) ekkert í 5. tl. skal koma í veg fyrir að Frakkland geti beitt ákvæðum 212. gr. skattalaganna ("Code général des impôts") að því er varðar greiðslu vaxta frá frönsku fyrirtæki til erlends eignarhaldsfélags.

4. Í því tilviki að samningnum sé sagt upp, skal ákvæðunum er varða aðferð til að komast hjá tvísköttun, framkvæmd gagnkvæms samkomulags og skipti á upplýsingum beitt áfram eftir þann dag sem uppsögnin tók gildi, að því er tekur til skatta á tekjur sem um er rætt í samningnum. Þessu til staðfestu hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í Reykjavík 29. ágúst 1990 á íslensku og frönsku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar

Fyrir hönd ríkisstjórnar

Lýðveldisins Íslands:

Franska Lýðveldisins

Jón Baldvin Hannibalsson

Edwige Avice